

Dans - 7. bekkur

Markmið, kennsluaðferðir og kennarar

Danslotan í 7. bekk byggist á því að kynna nemendum fyrir grundvallaratriðum í dansi, spuna vinnu og fjölbreyttum aðferðum í danssmíði. Kennari leggur grunn af uppbyggingu kennslustundanna og kennsluefnis eftir hugmyndafræði Anne Green Gilbert um dansþemun rými, tími, afl og líkami. Notast verður við æfingar, spuna, sköpun, dansrúttínur og leiki. Lögð verða fyrir nemendum fjögur skapandi verkefni sem byggja á dansþemunum. Einnig fá nemendur tækifæri til að kynna ljósmyndum sem leið til að miðla dansi í lokaverkefni lotunnar, Hreyfimyndir. Unnið verður með myndvinnsluforritið Snapseed.

Heildarmarkmið:

- Að nemendur opni hugann fyrir sköpun.
- Að nemendur uppgötvi nýjar hreyfingar.
- Að þjálfar félagssfærni með áherslu á samvinnu.
- Að stuðla að valdeflingu nemenda með því að gefa þeim rými til ákvarðanatöku, framkvæmdar og lausnaleitar í gegnum dans.
- Að nemendur kynnist orðaforða í dansi.
- Að þjálfar hlustun, traust, athygli og virðingu í samskiptum.

Kennari: Þórunn Ylfa Brynjólfssdóttir

Netfang: thorunn.y.brynjolfsdottir@seltjarnarnes.is

Námsmat

- Námsmatið er framkvæmt með leiðsagnarmati, þar á meðal sjálfsmati, símati og skapandi verkefnum. Hæfni nemenda er metin jafnt og þétt og byggir á lykilhæfni og hæfniviðmiðum lotunnar, ásamt því sem horft er til virkni, frammistöðu, samvinnu, sjálfstæðis og vandaðra vinnubragða. Í seinni hluta lotunnar gera nemendur sjálfsmat þar sem þeir fá að meta sitt eigið framlag í kennslustundunum.
- Hæfniviðmið á hæfnikorti nemenda eru metin í bókstöfum (A, B+, B, C+, C, D, L og Ó). Auk þess fá nemendur lokið eða ólokið fyrir verkefni í mentor

Námsaðlögun

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendur vinna á eigin forsendum, eftir getu sinni og undir leiðsögn.
- Kennarar veita bráðgerum nemendum tækifæri til að dýpka námsefnið hverju sinni.
- Sérkennarar og faggreinakennarar vinna saman að því að finna leiðir og verkefni sem henta þroska og getu nemenda.
- Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir nemendur sem geta ekki fylgt skólanámskrá.

Hlutverk og vinnulag nemandans

Hér koma fram viðmið um:

Samskipti	Nemendur sýni samnemendum sínum og kennara virðingu og tileinka sér jákvæðni, tillitssemi og kurteisi.	Viðbrögð við ritstuld	Öll skapandi vinna nemenda skal vera hugarverk þeirra sjálfra, ekki efni sem þau endurtaka eða afrita frá öðrum.
Mæting og virkni í tímum	Nemendur mæta stundvíslega í tíma. Nemendur taki virkan þátt og fari eftir fyrirætlunum. Ef til þess kemur að nemendur treysti sér ekki til þess að taka þátt þá þurfa þeir að fá leyfi danskennara til þess að sitja og fylgjast með tímanum.	Heimavinna og hjálpargögn	Skapandi dans - Handbók https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/skapani_dans/ Anne Green Gilbert: Creative Dance For All Ages
Hlutverk nemenda	Að taka kennslustundina alvarlega, mæta stundvíslega, öll vinna saman og taka virkan þátt, að sýna tillitssemi og kurteisi, öll hafa rétt á að koma með tillögur sem hlustað er á, að vera jákvæð, að virða jafnt nemendur sem kennara. Nemendur bera ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum. Nemendur mæta í fötum sem auðvelt er að hreyfa sig í. Ekki skal vera með mat eða tyggigúmmí inni í dansstofu. Notkun farsíma og símaúra í dansstofu er óheimil.	Hlutverk kennara	Að taka kennslustundina alvarlega, mæta stundvíslega, öll vinna saman og taka virkan þátt, að sýna tillitssemi og kurteisi, öll hafa rétt á að koma með tillögur sem hlustað er á, að vera jákvæð og virða nemendur. Kennari skal vera vel undirbúinn og miðla þekkingu til nemenda sinna. Kennari aðlagar kennsluhætti að þroska og getu nemenda og mætir mismunandi þörfum þeirra.

Lykilhæfni í námsgrein

Lögð er áhersla á eftirfarandi lykilhæfniviðmið í námsgreininni:

Nemandi getur:
• sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum • unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi • brugðist við upplýsingum, hlustað og tekið virkan þátt í kennslustund • tjáð hugmyndir og tilfinningar á skýran hátt • unnið fjölbreytt verkefni á skapandi hátt

Námsáætlun

Tímabil og viðfangsefni	Hæfniviðmið	Námsmat	Kennsluaðferðir	Námsefni
Vika 1 Kynning og hópefli	Sköpun og túlkun <i>Nemandi getur:</i> • Notað og útskýrt þema hugtök danslotunnar • Beitt líkama sínum á markvissan hátt í dansi og hreyfingu við tónlist. • Dansað einföld hreyfimyndir og spor í völdum dönsum, einn eða sem hluti af pari eða hópi. • Skapað eigin dans, tjáð sig í dansi og tengt saman hreyfingu og tónlist. • Nýtt sér miðla í danssköpun.	Námsmatið er framkvæmt með leiðsagnarmati, sjálfsmati, umræðum, símati og skapandi verkefnum. Hæfni nemenda er metin jafnt og þétt og byggir á lykilhæfni og hæfniviðmiðum lotunnar, ásamt því sem horft er til virkni, frammistöðu, samvinnu, sjálfstæðis og vandaðra vinnubragða.	Innlagnir, æfingar, könnun á þema, spuni, sköpunarverkefni, dansrútnur og hreyfileikir.	Anne Green Gilbert: Creative Dance For All Ages. Anne Green Gilbert: „Dansþemu“ eftir Guðrúnu Óskarsdóttur. Skapandi dans: handbók fyrir kennara eftir Ingunni Elísabetu. Félagadans byggður á paradans tækni. Fyrirlestrar eftir kennara. Vídeo.
Vika 2 Viðfangsefni: Almennt rými og persónulegt rými. Skapandi verkefni 1: Rýmisdans				
Vika 3 Viðfangsefni: Brautir og stefnur. Skapandi verkefni 2: Hreyfikort				

	Samskipti og samvinna <i>Nemandi getur:</i> Tjáð hugmyndir sínar, tekið tillit til annarra í samstarfi og farið eftir fyrirmælum.			
Vika 4 Viðfangsefni: plönin þrjú og form Skapandi verkefni 3: Samsköpun				
Vika 5 Viðfangsefni: hraði, taktur og félagadans Skapandi verkefni 4: Dúettar og tríó				
Vika 6 Viðfangsefni: ljósmyndun og Sapseed myndvinnsluforrit Skapandi verkefni 5: Hreyfimyndir				